

## Fundargerð – 516. stjórnarfundur Kölku

Fundur í stjórn Kölku sf var haldinn þriðjudaginn 18. ágúst 2020, kl. 16:30. Fundurinn var haldinn í fundarsal Kölku að Berghólabraut 7.

Mættir: Önundur Jónasson sem stýrði fundi, Ásrún Kristinsdóttir, Inga Rut Hlöðversdóttir, Laufey Erlendsdóttir, Páll Orri Pálsson sem ritaði fundargerð og Steinþór Þórðarson.

### Dagskrá:

1. Skýrsla framkvæmdastjóra - sumarið.
  2. Rekstraryfirlit fyrstu sex mánaða ársins.
  3. Stefnumál 2021 og áætlun.
  4. Önnur mál.
- 
1. **Skýrsla framkvæmdastjóra.** Framkvæmdastjóri fór yfir sumarið og kynnti nokkur mál sem hafa verið ofarlega á döfinni í sumar.
    1. Öryggismál: Nokkur öryggisatvik hafa komið upp á síðustu mánuðum. Átak hefur verið gert í skráningum atvika og fyrirbyggjandi aðgerðum. Öryggisnefnd gerði tillögu um að setja á hjálmaskyldu sem sett verður á um næstu mánaðamót.
    2. Rekstrarmælikvarðar: Unnið hefur verið að undirbúningi daglegra rekstrarmælikvarða brennslu og verða þeir teknir í notkun í haust. Undirbúningur mælikvarða fyrir rekstur gámaplana og sorphirðu er að hefjast.
    3. Bilanir: Brennsla var stöðvuð þrisvar í júlí vegna bilana í katli og alls var brennsla niðri í rúma viku. Rekstrarstjóra hefur verið falið að leita til verkfræðistofu um ástandsgreiningu á katlinum.
    4. Eftirlit Umhverfisstofnunar: Drög að eftirlitsskýrslu UST vegna eftirlitsheimsóknar í maí barst í júlí. Nokkur atriði í skýrslunni kalla á viðbrögð Kölku og hefur því verið unnið að gagnasöfnun. Kalka hefur til 28. ágúst til að skila athugasemdum.
    5. Áætlun 2021: Vinna við gerð fjárhags- og rekstraráætlunar hófst 5. ágúst sl. og er markmiðið að kynna drög fyrir stjórn á fundi 8. september og leggja fullunna áætlun fram til samþykktar 6. október. Fram kom á fundinum að vilji stjórnar sé að ný gjaldskrá taki mið af aukinni flokkun.
  2. **Rekstaryfirlit fyrstu sex mánuði ársins**  
Framkvæmdastjóri kynnti rekstaryfirlit Kölku fyrstu sex mánuði ársins fyrir stjórn. Afkoma í samræmi við væntingar stjórnar.
  3. **Stefnumál 2021 og áætlun**  
Stjórn fór yfir stefnumál og áætlun fyrir veturinn og árið 2021. Á næsta fundi mun stjórnarformaður leggja fram drög að stefnumálum stjórnar fyrir næsta ár sem verður til umfjöllunar.
  4. **Önnur mál:**  
Engin önnur mál voru rædd.

Næsti fundur er áætlaður 15. september kl. 16:30.


Handwritten signatures and initials in blue ink, including "FARK", "IRM", and "P.P.".

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18:30.

  
Önnundur Jónasson

  
Ásrún Kristinsdóttir

  
Laufey Erlendsdóttir

  
Páll Orri Pálsson

  
Inga Rut Hlööversdóttir

  
Steinþór Þórðarson